

Heill og sæll Guðmundur

Sendi hérna umsögn um

11. mál – þskj. 11a Kirkjuþing 2025-2026 T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir nr.

16/2021-2022 með síðari breytingum.

https://drive.google.com/file/d/1SDp5WQ8iDvK16MWJ2NlvrTREQf34Hrn_/view

Í þessari tillögu 11. mál – þskj. 11a til Kirkjuþings 2025-2026 og núverandi starfsreglum um sóknarnefndir eins og þær birtast á vef kirkjunnar er gert ráð fyrir því að hluti varamanna í sóknarnefnd sé kosin í hvert sinn sem kosið er í sóknarnefnd.

Miðað við þetta þá átti að kjósa tvo varamenn í ákveðin sæti varamanna árið 2023.

Hafi þá verið kosið í t.d. annað og þriðja sæti varamanns í þriggja manna sóknarnefnd. Árið 2025 hefði svo verið kosin fyrsti varamaður. Hvað ef fundurinn 2025 hefði viljað kjósa þann sem var kosin til fjögurra ára, þriðji varamaður árið 2023, sem fyrsta varamann.

Hvernig á að breyta röð varamanna án þess að ganga á þá kosningu sem fór fram tveim árum fyrr og gildi í fjögur ár þegar varamaður var kosin í ákveðið sæti til fjögurra ára ?.

Ég tel eðlilegast/nauðsynlegt að breyta reglunum um kjör til sóknarnefndar á þann veg að í hvert sinn sem er kosið í sóknarnefnd verði allir varamenn kosnir í ákveðin sæti.

Með kveðju

Brynjólfur Guðmundsson Hlöðutúni